



Borgarráð

101 REYKJAVÍK

Kvörtun til borgarráðs á ákvörðun innkauparáðs - útboð vegna endurnýjunar á frystikerfi.

Með erindi til borgarráðs dags. 13. júlí sl. var farið fram á það að ákvörðun innkauparáðs Reykjavíkur frá 24. júní sl. um að velja tilboð Frostmarks ehf. í útboði vegna endurnýjunar á frystikerfi Skautahallarinnar verði ógilt og til vara að hún verði metin ólögmet. Kvörtuninni er réttilega beint til borgarráðs en í 2. mgr. 4. gr. samþykktar fyrir innkauparáð Reykjavíkur kemur fram að varði kvörtun afgreiðslu innkauparáðs, skal henni vísað til borgarráðs ásamt umsögn ráðsins sbr. einnig 2. mgr. 39. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar.

Óskað var umsagnar innkauparáðs og bárust umsagnir dags. 30. ágúst og 17. nóvember sl. Í fyrri umsögn var vísað til þess að kærán væri of seint fram komin en við nánari skoðun kom í ljós að svo var ekki. Var innkaupadeild því veitt tækifæri til að endurskoða umsögn sína, sem hún gerði og liggur hún nú fyrir borgarráði.

Í umsögninni kemur fram að innkaupadeild telji engin rök mæla með því að borgarráð verði við fyrirbyggjandi kröfum enda komi ekkert fram í gögnum málsins sem bendi til þess að ekki hafi verið staðið rétt að málum með tilliti til laga um framkvæmd útboða nr. 65/1993, innkaupareglna Reykjavíkurborgar og ákvæðum útboðsgagna. Vísað er til nánari lýsinga á málsatvikum í framlagðri umsögn og mælt með því að kröfum verði hafnað.

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

